



SUÐURNESJABÆR

Bréf til umsagnaraðila:

22.03.2022

Vinnslutillaga Aðalskipulags Suðurnesjabæjar 2022-2034

Með bréfi þessu kynnir Suðurnesjabær vinnslutillögu Aðalskipulags Suðurnesjabæjar 2022-2034 fyrir umsagnaraðilum og óskar eftir umsögn um hana. Tillagan er kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Vinnslutillagan er sett fram í greinargerð, á þremur skipulagsuppráttum á einu kortablaði, auk umhverfismatsskýrslu. Vinnslutillagan, þ.e. gögnin eru aðgengileg á vef Suðurnesjabæjar <https://www.sudurnesjabaer.is/is/moya/news/vinnslutillaga-adalskipulags-sudurnesjabaer-2022-2034/2>. Þar má jafnframt finna frekari upplýsingar um fyrirhugaðan íbúafund sem nánar verður auglýstur á vef Suðurnesjabæjar og í Víkurfréttum.

Óskað er eftir að umsagnir um vinnslutillöguna berist til sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs á netfangið afgreidsla@sudurnesjabaer.is undir yfirskriftinni „Aðalskipulag Suðurnesjabæjar – vinnslutillaga“ fyrir 14. apríl 2022. Umsagnir má einnig senda bréfleiðis á skrifstofu sveitarfélagsins Sunnubraut 4, 250 Suðurnesjabæ. Ef aðili telur ekki ástæðu til að gefa umsögn er óskað eftir svari þess efnis.

Virðingarfyllst

f.h. Suðurnesjabæjar,



Magnús Stefánsson, bæjarstjóri